

Andblær nýrra tíma

ÁTTUNDA hefti bókmenntatímaritsins Andblæs er komið út. Ritstjóri þessa heftis er Magnús Gestsson, en í ritnefnd með honum eru þeir Hjörvar Pétursson, Stefán Máni og Steinar Bragi Guðmundsson.

Fyrsta hefti Andblæs kom út fyrir jólin 1994 en síðan hafa komið út tvö hefti á ári. Fyrstu ritstjórn tímaritsins skipuðu skáldin Bjarni Bjarnason, Ágúst Borgþór Sverrisson, Steinunn Ásmundsdóttir og Þórarinn Torfason.

Andblær spratt upp úr skáldakvöldum sem haldin voru einu sinni í viku veturinn 1993-1994 heima hjá Gunnari Þorra Þorleifssyni bókmenntafræðingi. Þar lásu þekkt og óþekkt skáld og röbbuðu saman. Niðurstaða þessarar hreyfingar var að halda úti menningartímariti er sérhæfði sig í bókmenntum, menningarumræðu og draumbókmenntum.

Draumbókmenntir eru í skilgreiningu Magnúsar Gestssonar ritaðar minningar af draumum. Magnús sagði ennfremur að ný ritstjórn stýrði útgáfu hvers heftis, á þann hátt yrðu áherslur breytilegar frá einu hefti til annars. Bjarni Bjarnason rithöfundur hefði hins vegar alltaf verið fastur punktur frá upphafi, en viku eftir að áttunda hefti Andblæs kom út fékk Bjarni sem kunnugt er bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Í þessu nýja hefti tímaritsins er ýtarlegt viðtal við Bjarna Bjarnason.

Magnús Gestsson sagði að Andblær væri öðruvísi en önnur bókmenntatímarit að því leyti að megináherslan væri á unga og óþekktu rithöfunda auk þess sem tímaritið er deildaskipt. Fyrsti hluti þessa nýja heftis eru ljóð, annar hlutinn gallerí, þriðji hlutinn viðtalið við Bjarna, fjórði hlutinn þýðingar og fimmti og síðasti hluti heftisins eru smásögur.

Magnús Gestsson ritstjóri áttunda heftis er sagnfræðingur að mennt auk þess sem hann hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, meðal annars Syngjandi sólkerfi 1995.